

Sóttvarnarhólf í viku 4 og viku 5

Skólanum er skipt upp í 5 sóttvarnarhólf (sjá kort). Nemendur nota þá innganga sem eru tilgreindir hér fyrir neðan og kortið sýnir. Við treystum á að allir virði þær reglur sem gilda um sóttvarnir og er sóttthreinsivökvi og hreinsipappír í öllum kennslustofum og við alfaraleiðir innan skólans. Þeir sem vilja eru hvattir til að nota andlitsgrímur, telji þeir að það auki öryggi og vellíðan.

Matgarður (austurhluti og vesturhluti), Miðgarður og bókasafnið eru staðir sem einungis er ætlast til að nemendur **dvelji á** í eyðum, ekki í frímínútum. Ef nemendur eru ekki með eyður í töflunni sinni þá fara þeir beint úr einni stofu í aðra og þurfa oftast að fara út úr skólanum til að færa sig á milli sóttvarnarhólfa. Gangar skólans eru einungis til að ferðast eftir en ekki dvelja á.

Hólf 1: Aðalinngangur skólans við Hamrahlíð

Stofur 1, 2, 3, 4, 5 og 6

Salerni fyrir framan líffræðistofur (Stofur 1 og 2)

Hólf 2: Aðalinngangur skólans við Hamrahlíð og gengið upp á aðra hæð

Stofur 7, 8, 9, 10 og bókasafn

Salerni fyrir framan bókasafn

Viðverustaður er bókasafnið

Hólf 3: Inngangur á hlið skólans gegnt Hlíðaskóla

Stofur 40, 41, 43, 45, 47, 48, námsver, tölvuþjónusta, náms- og starfsráðgjafar og sálfræðingur

Salerni á Matgarði vestur

Viðverustaður er Matgarður vesturhluti

Hólf 4: Inngangur bak við skólann nr. 4

Stofur 22, 23, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 33, 36, 38 og 60

Salerni á neðri hæð undir tröppum á móti námsráðgjöfum (undir stofu 23)

Viðverustaður er Miðgarður

Hólf 5: Inngangur bak við skólann nr. 5

Stofur 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17a, 17b, 18, 19 og 20

Salerni á Matgarði austur

Viðverustaður Matgarður austurhluti

Þeir sem eiga erindi á skrifstofu skólans eða til námstjóra, IB-stallara eða fjármálastjóra fara inn um inngang merktur skrifstofa.

Allir eru hvattir til að fara beint úr einni kennslustofu í aðra þannig að ekki verði of margir á göngum skólans.

